



Fundargerð

431. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
þriðjudaginn 11. des. 2018 kl. 15:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Ingimar Ingimarsson oddviti (II), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE), Karl Kristjánsson (KK) og Ágústa Ýr Sveinsdóttir (ÁÝS) í forföllum Árnýjar Huldar Haraldsdóttur auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og setti fund.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

Fundargerð síðasta fundar tekin fyrir, samþykkt og undirrituð.

Mál til afgreiðslu.

1. Álögur og gjaldskrár:

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

Útsvar:

Álagningargjaldstig útsvars á tekjur ársins 2019 er 14,52%.

Fasteignaskattur:

Fasteignaskattur A 0,50%

Fasteignaskattur B 1,32%

Fasteignaskattur C 1,65%

Fráveitugjald 0,20%

Vatnsgjald 0,50%

Lóðarleiga 4% (af nýjum lóðum)

Sorpeyðingargjald skv. gjaldskrá er innheimt jafnframt fasteignagjöldum og lóðarleigu.

Gjalddagar fasteignagjalda eru fimm:

10. febrúar 2019

10. apríl 2019

10. júní 2019
10. ágúst 2019
10. október 2019

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Sé álagningin 15.000 kr. eða minni er einn gjalddagi, 10. apríl 2019.

Sé álagningin 15.001 til 25.000 kr. eru tveir gjalddagar, 10. febrúar og 10. apríl 2019.

Annars eru gjalddagarnir fimm.

Afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega:

Elli- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili og búsetu í Reykhólahreppi njóta 100% afsláttar af fasteignaskatti ef árstekjur fara ekki yfir kr. 3.900.000,- hjá einstaklingi og kr. 5.600.000,- hjá hjónum. Afsláttur er aðeins veittur af einni íbúð hvers gjaldanda og þarf hann að hafa lögheimili í íbúðinni. Ekki þarf að sækja sérstaklega um afsláttinn.

Samþykkt samhljóða.

2. Fjárhagáætlun fyrir árið 2019 - síðari umræða:

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 til annarrar umræðu ásamt breytingatillögum.

Samþykkt samhljóða.

Jafnframt samþykkt að hækka framlög til tómstundaiðkunar ungmenna úr 15.000 kr. í 20.000 kr. á næsta ári.

3. Fjögurra ára áætlun - 2019 - 2023:

Lögð fram fjögurra ára áætlun fyrir Reykhólahrepp til síðari umræðu.

Samþykkt samhljóða.

4. Vestfjarðavegur:

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu valkostaskýrslu um Vestfjarðaveg sem er á lokametrinum og væntalega tilbúin í vikunni. Stefnt að því að halda íbúafund um málið í samráði við Vegagerðina þann 18. desember nk.

Mál til kynningar

Engin

Önnur mál:

Ákveðið að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn þann 16. janúar nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16:25
